



Reykjavíkurborg  
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2019  
R17060148  
1270

Borgarráð

***Tillaga að áframhaldandi samstarfi við Svanna - lánatryggingarsjóð kvenna***

Reykjavíkurborg hefur borist erindi frá Svanna - lánatryggingasjóði kvenna. dags. 1. mars 2019, þar sem óskað er eftir að starfstími sjóðsins verði framlengdur til næstu fjögurra ára en samkomulag um starfsemina rann út síðustu áramót.

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögur lánatryggingasjóðsins, með vísan til meðfylgjandi umsagnar fjármálastjóra Reykjavíkurborgar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Svanni - lánatryggingarsjóður kvenna, skýrsa og tillögur stjórnar um áframhaldandi starfsemi, dags. 1. mars 2019  
Umsögn fjármálastjóra Reykjavíkurborgar, dags. 2. maí 2019



R17060148

1270

Reykjavík 1.mars 2019

Berist til þeirra er málið varðar

Meðfylgjandi er skýrsla stjórnar Svanna-lánatryggingasjóðs kvenna en starfstímabili sjóðsins lauk formlega þann 31.12.2018.

Stjórnin hefur unnið að endurskoðun verkefnisins og leggur til áframhaldandi starfsemi sjóðsins til næstu 4 ára.

Þess er hér með farið á leit að skýrslan sé tekin til formlegrar afgreiðslu svo fljótt sem auðið er.

Undirrituð veitir nánari upplýsingar ef þess er óskað.

Virðingarfyllt,

Ásdís Guðmundsdóttir

Verkefnastjóri  
Vinnumálastofnun  
Kringlan 1  
103 Reykjavík

Netfang: [asdis.gudmundsdottir@vmst.is](mailto:asdis.gudmundsdottir@vmst.is)  
Sími: 531-7080

Svanni-lánatryggingasjóður kvenna

Skýrsla og tillögur  
stjórnar um  
áframhaldandi starfsemi

2019

## Efnisyfirlit

Samantekt.....	2
Um Svanna-lánatryggingasjóð kvenna .....	2
Stjórn Svanna-lánatryggingasjóðs .....	2
Markmið og hlutverk.....	3
Reglur sjóðsins.....	3
Lánatrygging .....	3
Samstarf við Landsbankann.....	3
Umsóknarferlið.....	4
Fjöldi umsókna og tegundir fyrirtækja .....	4
Úthlutanir .....	4
Kynningarmál.....	5
Endurskoðun verkefnis.....	6
Staða sjóðsins og lántaka .....	6
Könnun .....	6
Netkönnun til lántaka.....	6
Netkönnun til umsækjenda .....	7
Greining á markaði .....	9
Sértækur stuðningur fyrir frumkvöðlakonur .....	9
Tillögur um áframhaldandi starfsemi Svanna-lánatryggingasjóðs kvenna.....	10
Fylgiskjöl .....	11

## Samantekt

Svanni-lánatryggingasjóður kvenna hefur það markmið að veita lán til fyrirtækja í eigu kvenna og hefur sjóðurinn starfað frá árinu 2011 og lauk starfstímabili sjóðsins um síðustu áramót. Alls hafa borist 158 umsóknir frá byrjun starfsemi sjóðsins og hafa verið afgreidd 22 lán.

Sjóðurinn er í samstarfi við Landsbankann sem veitir lánin og og ábyrgist enn fremur helming lána. Af veittum lánnum hafa 32% lána verið greidd upp og 41% lána afskrifuð.

Stjórn Svanna-lánatryggingasjóðs hefur greint möguleika áframhaldandi starfsemi sjóðsins með eftirfarandi hætti:

- Staða sjóðsins, lána og afskrifta var greind og könnuð.
- Gerð var könnun meðal lántaka og umsækjenda um þjónustu sjóðsins og þarfir fyrirtækja hvað varðar lánsupphæðir.
- Markaður var greindur með það að markmiði að skoða hvaða lána- og styrkjarmöguleikar eru fyrir hendi fyrir frumkvöðlakonur.

Stjórnin telur Svanna - lánatryggingasjóð öflugan bakhjarl fyrirtækja í eigu kvenna til að ná árangri í rekstri og þannig skapa verðmæti í samfélaginu, efla veltu og fjölga störfum.

Stjórn sjóðsins leggur því til að starfstímabil sjóðsins verði framlengt um fjögur ár til viðbótar.

Stjórnin leggur til að gera eftirfarandi breytingar á hlutverki sjóðsins:

Að taka út setninguna „Að hvetja jaðarhópa til þátttöku í atvinnulífinu, svo sem innflytjendur. Þessi klausa hefur ekki verið virk og erfitt að framfylgja þessu ákvæði.

Stjórnin leggur enn fremur til að ákvæði 2.2. 3 um nýnæmi/sérstöðu í lánareglum verði tekið út. Erfitt er að skilgreina nýnæmi og einblína almennt á tekjumöguleika og framþróun fyrirtækjanna og þar með auka líkurnar á því að fleiri geti fengið lán.

Við yfirferð umsókna er ljóst að oft skortir þekkingu og reynslu í áætlanagerð og gerð viðskiptaáætlana. Því leggur stjórnin til að ráðgjöf og handleiðsla til umsækjenda verði eflað og ætti þannig að stuðla að betri umsóknum og þar af leiðandi meiri möguleikum á láni. Einnig leggur stjórnin til að áhersla á handleiðslu og ráðgjöf til lántaka verði ekki gerð að skilyrði þar sem þörfin á því virðist ekki vera fyrir hendi.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir greiningu stjórnar á stöðu sjóðsins, könnun til lántakenda og umsækjenda ásamt markaðsgreiningu.

## Um Svanna-lánatryggingasjóð kvenna

Þann 8. mars 2011 var undirritað samkomulag um Lánatryggingasjóð en sjóðurinn er í eigu félagsmálaráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Reykjavíkurborgar. sjóðnum.

Vinumálastofnun annast umsýslu verkefnisins og er skrifstofa sjóðsins hjá Vinnumálastofnun, Kringlunni 1.

## Stjórn Svanna-lánatryggingasjóðs

Stjórn lánatryggingasjóðs kvenna er í höndum þriggja manna stjórnar sem skipuð er til þriggja ára í seinn. Hlutverk stjórnar er að móta lánareglur sjóðsins í samráði við stofnaðila. Stjórn sjóðsins skipa nú þau Guðrún Tinna Ólafsdóttir formaður og fulltrúi félagsmálaráðuneytis, Sigprúður Ármann, fulltrúi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Barði Jóhannsson, fulltrúi Reykjavíkurborgar.

## Markmið og hlutverk

Hlutverk sjóðsins er að styðja konur til nýsköpunar og þátttöku í atvinnulífinu með því að veita ábyrgðir á lánunum ásamt því að tryggja ráðgjöf og handleiðslu til þeirra. Áherslur sjóðsins eru eftirfarandi:

- Að styðja við bakið á konum sem eiga og reka smærri fyrirtæki.
- Að stuðla að því að auka hlut kvenna sem eigendur og stjórnendur fyrirtækja.
- Að auka aðgengi kvenna að fjármagni til fyrirtækjareksturs.
- Að fjölga störfum og stuðla að nýnæmi í atvinnulífi.
- Að tryggja ráðgjöf og handleiðslu til kvenna sem fá ábyrgðir hjá sjóðnum vegna lántöku. Að hvetja jaðarhópa kvenna til þátttöku í atvinnulífinu, svo sem innflytjendur.

## Reglur sjóðsins

Svanni veitir lánatryggingar til fyrirtækja í meirihlutaeigu kvenna og gerð er krafa um að í verkefninu felist atvinnusköpun og sérstaða að einhverju marki.

Hægt er að sækja um lánatryggingu vegna eftirtalinna þátta:

- Markaðskostnaðar
- Vöruþróunar
- Nýrra leiða í framleiðslu eða framsetningu vöru/þjónustu.

Ábyrgð Svanna skal ekki vera undir 500.000 króna (1m.kr. lán) og skal að öllu jöfnu ekki fara yfir 5 milljónir króna (10 m.kr. lán) en stjórn er þó heimilt að gera undantekningar með hliðsjón af eðli og tegund umsókna.

## Lánatrygging

Sjóðurinn er lánatryggingasjóður sem þýðir að lán sem tekin eru hjá sjóðnum eru tryggð með ábyrgð. Sjóðurinn tekur ábyrgð á helmingi lánsfjárhæðar á móti bankanum. Þannig þurfa lántakar ekki að leggja fram veð fyrir láni sem tekið er.

## Samstarf við Landsbankann

Svanni Lánatryggingasjóður kvenna er í samstarfi við Landsbankann um veitingu lána. Í samningi við bankann er kveðið á um tilgang samstarfsins sem er að veita konum í atvinnurekstri lán ásamt því að bankinn tekur helming ábyrgðar á móti sjóðnum.

Í samkomulaginu er kveðið á um vinnulag varðandi umsóknir og úrvinnslu þeirra, mat bankans, tegundir lána, ábyrgð sjóðs og banka, breytingar á stöðu lántaka og skuldbreytingar.

Lánareglur sjóðsins eru einnig samþykktar af stjórn og banka en þær kveða nánar um skilyrði ábyrgðar, meðferð og mat umsókna, afgreiðslu þeirra, framkvæmd ábyrgða, ráðgjöf, lengd ábyrgðar og aðgerðir vegna vanskila.

Landsbankinn tekur þátt í markaðskostnaði sjóðsins, greiðir helming af birtingarkostnaði auglýsinga og tekur þátt í kynningarstarfi með því að kynna sjóðinn á heimasíðu sinni og hefur bækling sjóðsins frammi í útibúum sínum.

Stjórn og banki funda reglulega um umsóknir og náíð samstarf er milli starfsmanns sjóðsins og starfsmanna bankans. Í samningi er kveðið á um árlegan samráðsfunds stjórnar og Landsbanka þar sem farið er yfir stöðu lána og fleira sem viðkemur verkefninu

## Umsóknarferlið

Sótt er um lánatryggingu rafrænt á heimasíðu verkefnisins [www.atvinnumalkvenna.is](http://www.atvinnumalkvenna.is). Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um fyrirtækið og forsvarskonur þess, greinargóð lýsing á verkefni/fyrirtæki, markmiðum þess og ávinningi, hverjir koma að umsókninni, samstarfsaðilar, viðskiptaáætlun, lýsing á heildarfjármögnun og staðfesting fjármögnunaraðila ef þeir eru til staðar og áætlun um tekjustreymi.

Starfsmaður fer yfir umsóknir og kannar hvort öllum skilyrðum sé fullnægt. Síðan metur stjórnin þær með tilliti til fimm þátta: nýnæmis og samkeppnis, atvinnusköpunar og framþróunar, lýsingar á viðskiptahugmynd, viðskiptaáætlunar sem fylgir með umsókn og fjárhags- og endurgreiðsluáætlunar.

Umsóknir sem samþykktar eru af stjórn eru sendar til nánari skoðunar til banka sem rýnir í fjárhags- og rekstaráætlanir. Þá er haldinn sameiginlegur fundur stjórnar og banka og komist að sameiginlegri niðurstöðu varðandi þær umsóknir sem til greina koma. Allir umsækjendur sem koma til greina eru boðaðir í viðtal með stjórn og fulltrúum bankans þar sem færi gefst á að spyrja nánar út í verkefnið eða þar sem kallað er eftir nánari upplýsingum. Þá taka stjórn og banki sameiginlega ákvörðun um veitingu lána og lánatrygginga og að lokum eru umsóknir sendar til lánanefndar bankans til lokaafgreiðslu.

## Fjöldi umsókna og tegundir fyrirtækja

Alls hafa borist 158 umsóknir frá byrjun starfsemi sjóðsins árið 2011 og eru afgreidd lán 22 talsins. Gerð var greining á umsóknum sem bárust á árunum 2014-2018 eftir stöðu fyrirtækja, hvort þau væru á hugmyndastigi, sprotafyrirtæki eða fyrirtæki í rekstri. 42 fyrirtæki sóttu um; 3 fyrirtæki voru á hugmyndastigi, 29 voru sprotafyrirtæki og 10 voru fyrirtæki í rekstri (sjá fylgiskjal xx)

## Úthlutanir

Samkvæmt ákvörðun stjórnar eru tvær úthlutanir lánatrygginga á ári, að vori og að hausti en hægt er að senda inn umsóknir árið um kring.

Hér má sjá lista yfir allar úthlutanir á starfstíma sjóðsins frá 2011-2018.

	Kennitala	Staður	Upphæð láns
<b>Úthlutun 2011</b>			
Hálendisferðir Wanderlust	600606-1740	101 Reykjavík	5.255.704
Katrín Sylvía Símonardóttir	310373-5919	201 Kópavogur	4.514.263
Margrét Bóasdóttir	281152-2549	200 Kópavogur	1.505.232
Puzzled by Iceland	590810-2320	220 Hafnarfjörður	2.005.886
Tulipop ehf.	620110-0860	101 Reykjavík	4.011.772
		<b>Alls:</b>	<b>17.292.857</b>
<b>Úthlutun 2012</b>			
Nordic Dynamic	580711-0810	109 Reykjavík	1.509.285
Svanhildur Sigurðardóttir	71253-5629	380 Reykhólar	1.000.000
Vík Prjónsdóttir	470311-0290	101 Reykjavík	2.006.572
Volcano Iceland ehf.	670509-0950	203 Kópavogur	2.508.215
Volcano Iceland ehf.	670509-0950	203 Kópavogur	1.238.272
		<b>Alls:</b>	<b>8.262.344</b>
<b>Úthlutun 2013</b>			
Elín Una Jónsdóttir	180775-4209	800 Selfoss	1.475.000

<b>Margrét Skúladóttir / Eysteinsdóttir</b>	<b>Helga Guðrún</b>	200972-5709	220 Hafnarfirði	4.200.000
<b>Rakel Sölvadóttir</b>		220975-5849	210 Garðabæ	10.000.000
<b>Kanína</b>		521011-2030	530 Hvammstangi	8.000.000
			<b>Alls:</b>	<b>23.675.000</b>
<b>Úthlutun 2014</b>				
<b>Grænt ehf.</b>		680114-1530	203 Kópavogur	7.000.000
<b>Sigurást ehf</b>		540411-0500	170 Seltjarnarnes	4.000.000
<b>Tulipop</b>		620110-0860	101 Reykjavík	10.000.000
			<b>Alls:</b>	<b>21.000.000</b>

<b>Úthlutun 2015</b>				
<b>Björkin</b>		471009-1050	108 Reykjavík	4.000.000
<b>Geosilica</b>		581012-0120	262 Reykjanesbæ	10.000.000
				<b>14.000.000</b>
<b>Úthlutun 2017</b>				
<b>Verandi</b>		650117-0770	101 Reykjavík	3.500.000
<b>Florealis</b>		430613-0650	101 Reykjavík	10.000.000
				<b>13.500.000</b>
<b>Úthlutun 2018</b>				
<b>Taramar</b>		560810-0240	112 Reykjavík	10.000.000
<b>Fitsuccess</b>		711011-1020	221 Hafnarfjörður	10.000.000
				<b>20.000.000</b>
			<b>Alls</b>	<b>117.730.201</b>

## Kynningarmál

Sjóðurinn heldur úti heimasíðu [www.atvinnumalkvenna.is](http://www.atvinnumalkvenna.is) þar sem sótt er um lánatryggingar en þar má finna nánari upplýsingar um reglur sjóðsins. Einnig heldur hann úti Facebook síðu <https://www.facebook.com/atvinnumalkvenna/> þar sem komið er á framfæri upplýsingum um sjóðinn.

Úthlutanir Svanna eru auglýstar á samfélagsmiðlum (Facebook og Instagram) en ennfremur eru fréttatilkynningar sendar út á póstlista og sem og fréttir um umsóknarfrest eru á heimasíðu sjóðsins.

Á haustdögum árið 2017 vann Bjarney Lúðvíksdóttir tvö kynningarmyndbönd fyrir sjóðinn, þar sem rætt var við tvo forsvarsmenn fyrirtækja sem fengið hafa lán, þær Fidu Abu Libdeh hjá Geosilica og Arneyju og Hrafnhildi hjá Björkinni fæðingarþjónustu.

Grein eftir formann stjórnar, Guðrúnu Tinnu Ólafsdóttur, birtist í Fréttablaðinu í janúar 2018 ásamt því að viðtal var tekið við hana á Rás 1 í mars 2018.

Starfsmaður sjóðsins hefur kynnt lánamöguleika fyrir nemendum á Brautargengi hjá Nýsköpunarmiðstöð, en námskeið það er haldið fyrir frumkvöðlakonur með viðskiptahugmynd.

Þann 4 október 2018 var haldin ráðstefna um fjármögnun á vegum ráðgjafarfyrtækisins Poppins og partners og var Svanni – lánatryggingasjóður einn af bakhjörllum hennar. Aðalmarkhópur ráðstefnunnar voru konur sem eiga og reka fyrirtæki og var það ein af ástæðum þess að Svanni tók þátt í verkefninu en það þótti vera ágætt tækifæri til að kynna möguleika sjóðsins. Á ráðstefnunni kynnti starfsmaður sjóðinn og lánamöguleika hans. Á ráðstefnunni voru einnig flutt erindi um fjármögnunarmöguleika hjá framtaksfjárfestingasjóðnum Crowberry Capital, englafjáfesta, upplifun frumkvöðla af því að fá fjármagn inn í fyrirtæki sín auk þess sem einn fyrirlesturinn fjallaði um mikilvægi tengslaneta í rekstri.



Landsbankinn hefur bækling sjóðsins frammi í öllum útibúum, kynnir möguleikana á heimasíðu sinni og hefur tekið þátt í kynningarfundum á möguleikum sjóðsins. Þá fer kynning fram á t.d. fyrirlestrum og í bæklingum sem bankinn gefur út. Að auki er bent á möguleika Svanna í viðtölum við frumkvöðla hjá nýsköpunarþjónustu og fyrirtækjasérfræðingum í útibúum þegar við á. Haldnir hafa verið tveir kynningarfundir í samvinnu við Landsbankann þar sem lánamöguleikar voru kynntir (2017-2018).

## Endurskoðun verkefnis

Stjórn Svanna - lánatryggingasjóðs kvenna hefur á undanförunum mánuðum unnið stefnumótunarvinnu vegna endurskoðunar á starfsemi sjóðsins. Í því skyni var gerð könnun og greining á stöðu sjóðsins og lántakenda, send var könnun á lántaka sjóðsins og umsækjendur og gerð var greining á stuðningi og lánamöguleikum kvenna.

## Staða sjóðsins og lántaka

Sjö lán hafa verið greidd upp hjá sjóðnum, alls að upphæð kr. 19.740.000. Virk lán hjá sjóðnum þann 31.12.2018 eru að upphæð kr. 30.820.000 með vöxtum og verðbótum. Endurgreiðslur á virkum lánnum eru sem hér segir (miðað er við greiðslur af höfuðstóli án vaxta og verðbóta) :

### Höfuðstólsgreiðslur eru eftirfarandi:

2019	9.393.411
2020	7.991.284
2021	6.299.728
2022	4.700.004
2023	1.391.668
<b>Samtals</b>	<b>29.776.095</b>

Almennt má segja að lántakar hafi staðið í skilum en þó hafa nokkur mál farið í vanskil þar sem verkefni hafa ekki gengið upp. Þessi vanskil hafa endað með því að gengið hefur á lánatryggingar sjóðsins og bankans og hefur sjóðurinn greitt lánatryggingar 9 lána, alls 17.881.573 kr. á tímabili samstarfsins og bankinn sömu upphæð.

Í vanskilum eru þann 31. desember alls 609.836 kr. Heildarstaða lána sama dag er 30.820.000 kr. og er vanskilahlutfall m.v. þessa stöðu tæplega 2%.

Taka verður tillit til afskrifaðra krafna undanfarinna ára en það hlutfall er 32,84% af heildarfjárhæð sem lánuð hefur verið en heildarfjárhæð lána er 108,22 m.kr. (Athugið: Taramar hefur enn ekki tekið lán er samþykkt var árið 2018)

Stofnfé sjóðsins nam 70.262.000 króna og er staðan á sjóðnum þann 31.12.2018 kr 49.426.945. Þess ber að geta að sjóðurinn greiðir umsýslugjald til Vinnumálastofnunar samkvæmt samningi, auk kostnaðar vegna markaðssetningar og annars útlagðs kostnaðar.

Ef miðað er við að sjóðurinn þurfi að afskrifa helming útistandandi krafna (15.410.000 kr.) er hægt að tryggja lán að upphæð 34.016.945 (49.426.945-15.410.000).

## Könnun

### Netkönnun til lántaka

Þjónustukönnun var send í tölvupósti til þeirra fyrirtækja sem fengu afgreidda lánatryggingu frá árinu 2014. Svarhlutfall var 30% en 6 svör bárust.

## Upplýsingar á heimasíðu og umsóknarform

Upplýsingar á heimasíðu þóttu skýrar, umsóknarform skýrt og umsóknarferlið nægilega langt. Helmingur svarenda fékk ráðgjöf við gerð umsókna en helmingi fannst ekki þörf á ráðgjöf.

67% fannst ekki þörf á ráðgjöf við gerð umsókna né eftirfylgni eftir að lán fékkst. Hér má leiða líkum að því að forsvarsmenn þeirra fyrirtækja sem svöruðu séu komin með nokkra reynslu af fyrirtækjarekstri og telja því ekki þörf á ráðgjöf.

## Fyrirtækið, staða þess og þörf á fjármagni

Helmingur fyrirtækja sem fékk lán náðu þeim markmiðum sem sett voru í umsókn og taldi meirihlutinn lánið hafa vera forsenda fyrir því að markmið náðust. Einnig taldi meirihlutinn að fyrirtækið hefði ekki getað fengið fyrirgreiðslu annarsstaðar.

Könnunin leiddi einnig í ljós að velta jókst hjá 83% svarenda eftir og starfsmannafjöldi jókst hjá 67% svarenda, hjá flestum jókst hann um 1-2 störf.

Meirihluti svarenda, eða 66,67% taldi ekki vera þörf á lánsfjármagni á næstunni en 33,33% töldu svo vera. 67% af þeim fyrirtækjum sem þurfa fjármagn, þurfa 9 til 10 milljónir eða meira.

Þegar spurt var hvers vegna fjármagn frá Svanna væri mikilvægt, sögðu 67% svarenda að lán án veðs fengist ekki en einn svarenda var að bíða eftir svari frá Tækniþróunarsjóði um styrk.

Er spurt var til hvaða þátta fjármagn þyrfti nefndu allir svarendur vöruþróun og markaðssetningu.

## Er þörf á lánatryggingasjóði?

83,33% töldu þörf vera á starfsemi sjóðsins en 16,67% vissi það ekki. Þeir sem svöruðu spurningunni játandi nefndu eftirfarandi atriði til útskýringar:

- Til að styðja við konur í atvinnurekstri.
- Það er erfiðara fyrir konur að fjármagna rekstur
- Konur eru ólíklegri til að skuldsetja sig til að stofna fyrirtæki
- Konur eru almennt "samviskusamari" þegar kemur að fjármagni og vilja eiga fyrir því sem þær ætla að framkvæma

## Ábendingar

Ýmsar gagnlegar ábendingar bárust frá svarendum. Meðal annars var rætt um að gott væri að hafa hafa svipaða möguleika fyrir hærri fjárhæðir fyrir fyrirtæki sem eru komin lengra í uppbyggingunni. Í öðru svari kom fram að lánið hjálpaði viðkomandi fyrirtæki mikið við að koma vöru á framfæri, og að bankar hefðu ekki verið tilbúnir að lána í verkefnið. Flestir svarendur telja að Svanni sé mikilvægur kostur fyrir frumkvöðlakonur.

## Niðurstaða

Ef rýnt er í könnunina kemur berlega í ljós að lán og lánatrygging frá Svanna hefur skipt máli fyrir fyrirtækin, velta hefur aukist og einnig starfsmannafjöldi. Meirihlutinn taldi lánið hafa vera forsenda fyrir því að markmið náðust og að fyrirtækið hefði ekki getað fengið fyrirgreiðslu annarsstaðar. Lántakar virðast ekki hafa þörf fyrir ráðgjöf né handleiðslu en það sama er ekki hægt að segja um þá sem ekki fengu lán. Taka ber samt niðurstöðum með varúð þar sem svarhlutfall var mjög lágt í könnun til umsækjenda.

## Netkönnun til umsækjenda

Könnun var send á alls 136 umsækjendur og bárust 14 svör eða um 9,5%. Þess ber að geta að mörg netfanganna eru ekki virk og því má leiða getum að því að þau fyrirtæki eða verkefni séu ekki starfandi.

### **Upplýsingar á heimasíðu, umsóknarform og ráðgjöf**

92% töldu að upplýsingar á heimasíðunni að þær væru mjög skýrar eða skýrar og fannst flestum að umsóknin væri einföld og að umsóknarferlið væri mátulega langt.

29% höfðu sótt sér ráðgjöf um gerð umsóknarinnar og þær sem sóttu sér ráðgjöf fengu hana hjá starfsmanni Svanna, NMÍ og RML. 35,7% töldu sig þurfa á frekari ráðgjöf við gerð umsóknar, 50% ekki, og 14,3% vissu það ekki.

50% töldu að þeir þyrftu meiri eftirfylgni, ábendingar og ráðgjöf og 35,7% töldu það ekki. Af þessu má sjá að ráðgjöf og eftirfylgni skiptir máli fyrir þá sem hafa sótt um en ekki fengið.

Það sem nefnt var að mætti úr bæta, var til dæmis ráðgjöf um hvað væri verið að leitast eftir í umsókninni og hvað væri best að leggja áherslu á. Nefnt var að það væri gott að fá aðstoð við útfyllingu, greinargóð svör, eftirfylgni við að styrkja umsóknina og persónulega ráðgjöf.

### **Fyrirtækið í dag, staða þess og þörf á fjármagni**

Meirihluti fyrirtækjanna fékk fjármögnun þrátt fyrir neitun Svanna, eða 64,3%. Spurt var um hvar fjármagnið fékkst og fengu 20% svarenda fyrirgreiðslu hjá banka, 30% fengu styrki, 10% fékk hluthafa og 40% nefndu annað s.s. eigið framlag, lán hjá banka eða hjá Byggðastofnun, en stofnunin býður upp á svipuð lán og Svanni (sjá kafla um sértækan stuðning fyrir frumkvöðlakonur).

Meirihluti fyrirtækja náði markmiðum sínum þrátt fyrir höfnun Svanna og eru 93% fyrirtækjanna enn starfandi. Hér verður að geta þess að svarhlutfallið var mjög lágt og því erfitt að alhæfa út frá þessum niðurstöðum.

93% svarenda taldi fyrirtækið þurfa lánsfjármagn á næstunni og voru upphæðir frá 1 milljón króna til yfir 10 milljóna króna nefndar.

Í könnuninni var spurt hversvegna lán frá Svanna þyrfti inn í fyrirtækið. 23% svöruðu því til að þær vildu ekki hluthafa inn í fyrirtækið, 38,5% fá ekki lán án veðs. Fjármagn vantar helst í vöruþróun, markaðssetningu, framleiðslu og vegna stofnkostnaðar.

**Er þörf á lánatryggingasjóði?** 93% af þeim sem svöruðu töldu þörf á sjóðnum. Ástæður sem nefndar voru:

- Konur hafa minna aðgengi að fjármagni
- Karlar eru oft þeir sem ráða för í banka- og styrkjakerfinu
- Konur eru oft með annarsskonar verkefni og óhefðbundnari sem erfitt er að fá fjármagn til
- Lélegt tengslanet hamlar oft konum.

### **Ábendingar**

Ýmsar ábendingar bárust í lokin. Þar var nefnt að gott væri að geta fengið lánatryggingu í gegnum viðskiptabanka. Sumar töldu að það skorti lánsfé fyrir hærri upphæð en 10 mkr, og að umsækjendur gætu fengið tækifæri til að kynna verkefni sín í umsóknarferlinu. Sumir töldu að lánskjörin væru ekki nægilega góð hjá bankanum.

### **Niðurstaða**

Erfitt er að alhæfa út frá niðurstöðum könnunarinnar þar sem svarhlutfall var mjög lágt. Það sem helst má sjá er að þörf virðist vera á frekari ráðgjöf til umsækjenda á stigum umsóknarferlis og þá sérstaklega hvað varðar áætlanagerð. Athygli vekur að flest fyrirtækin gátu fjármagnað verkefni sín og er ljóst að lánamöguleikar Byggðastofnunar skipta máli hér en stofnunin býður upp á svipuð lán og Svanni gerir.

## Greining á markaði

Sértækur stuðningur fyrir frumkvöðlakonur

### Lán og styrkir

**Byggðastofnun** býður upp á lán í lánaflokknum „Lán til stuðnings fyrirtækjarekstri kvenna“ á landsbyggðunum og eru 400 m.kr. lagðar til verkefnisins. Til dagsins í dag hefur stofnunin samþykkt 300 mkr. af umsóknum í lánaflokkinn til 53 aðila. Vanskil eru um 3% og þegar hafa verið afskrifuð þrjú lán samtals að fjárhæð 10 mkr. Þess má geta að þegar ákveðið var að fara af stað með þennan lánaflokk var 200mkr. ráðstafað til hans. Sú tala var tvöfölduð þegar kvótinn var búinn og eru því nú enn 100mkr. eftir í „pottinum“. (sjá nánar um lánin í viðaukaskjali x)

**Atvinnumál kvenna** - Styrkir til atvinnumála kvenna eru veittir einu sinni á ári (2018 - 35.000.000). Styrkir eru veittir til vöruþróunar, markaðssetningar eða til gerðar viðskiptaáætlana og er mest hægt að fá 4 milljónir króna styrk en helmingur af kostnaði verkefnis er styrktur.

### Námskeið og fræðsla

**NMÍ** – Brautargengisnámskeið eru haldin tvisvar á ári í Reykjavík og á landsbyggðinni með reglubundnum hætti. Námskeiðin eru fyrir frumkvöðlakonur með viðskiptahugmynd og er markmiðið að útbúa fullbúna viðskiptaáætlun sem hægt er að hrinda í framkvæmd. Mjög góður árangur hefur verið hjá þátttakendum og hafa fjölmörg fyrirtæki verið stofnuð í framhaldi af þátttöku á námskeiðinu.

**Máttur kvenna** er fjarnámskeið fyrir konur í atvinnurekstri á vegum Háskólans á Bifröst. Máttur kvenna er 11 vikna nám fyrir konur sem vilja öðlast þekkingu og færni í rekstri fyrirtækja. Kennsla fer fram í fjarnámi.

**Vinnumálastofnun** hefur stýrt tveimur Erasmus+ Evrópuverkefnum sem hafa miðast við að efla hæfni og færni frumkvöðlakvenna, Female og Free. Hið seinna er nýlokið en enn er hægt að nálgast fræðsluefni á heimasíðu verkefnisins [www.ruralwomenacademy.eu](http://www.ruralwomenacademy.eu) og verður efnið aðgengilegt næstu árin.

### Ráðstefna um fjármál

Ráðstefna um fjármál var haldin þann 4.október 2018 í samvinnu Poppins og partner og annara aðila, meðal annars Svanna. Ráðstefnan var vel sótt og á henni kom ýmislegt gagnlegt fram.

Fjallað var um fjárfestakynningar og hvernig best væri að kynna verkefni fyrir áhugaverðum fjárfestum.

Fjallað var um nýjar leiðir til fjármögnunar í gegnum hóp fjármögnun en íslenska fyrirtækið Karolínafund býður einstaklingum og sprotafyrirtækjum og upp á einfalda leið til að fjármagna fyrstu skrefin, vöruþróun eða markaðsetningu í gegnum sína heimasíðu. Karolínafund

Englafjárfestir sagði frá sinni reynslu en þeir koma inn í hugmyndina á fyrstu stigum hennar (seed stage) með þolinmóðu fjármagni. Oftast er englafjárfestir ekki að fylgja hugmynd eftir, heldur setur inn fjármagn, reynslu á tengdu sviði og tengingar sem geta opnað dyr fyrir viðkomandi.

Fjallað var sérstaklega um tengslanet og mikilvægi þess þegar komið er að því að fá aukið fjármagn inn í fyrirtæki. Mikilvægt er að nýta allar leiðir tengslaneta hvort sem það eru persónulegar tengingar, samfélagsmiðlar eða að sækja ráðstefnur og viðburði.

Nýsköpunarfyrirtæki geta leitað til framtaksfjárfestingasjóða (Venture Capital Funds) eins og

Crowberry sem að leggur áherslu á að fjárfesta í vænlegum fyrirtækjum með langtímahagsmuni í huga. Hjá Crowberry er fjármögnun skipt í þrjá hluta, Seed, A round og B round allt eftir því hvar fyrirtæki eru stödd í ferlinu. Hér er mikilvægt fyrir frumkvöðulinn að kynna fyrirtæki sitt með þeim hætti að vekja upp áhuga og eftirvæntingu fjárfesta.

## Tillögur um áframhaldandi starfsemi Svanna-lánatryggingasjóðs kvenna

Í framhaldi af ofangreindum niðurstöðum leggur Stjórn Svanna-lánatryggingasjóðs kvenna til áframhald verkefnisins til næstu 4 ára með eftirfarandi breytingum.

- Ekki verði gerð krafa um ráðgjöf né handleiðslu til þeirra sem fá afgreidd lán.
- Niðurstöður könnunar benda til þess að meiri þörf sé á ráðgjöf og handleiðslu fyrir umsækjendur í umsóknarferlinu. Glögg má sjá að þekkingu og reynslu skortir, til dæmis er áætlanagerð og gerð viðskiptaáætlana oft ábótavant. Því verði lögð frekari áhersla á handleiðslu og ráðgjöf til hópsins með eftirfarandi hætti:
  - Haldin verði vinnustofa um gerð umsókna fyrir hvern umsóknarfrest með stjórn og starfsmanni.
  - Auglýstur verði sérstakur símatími fyrir umsækjendur þar sem þeir geta fengið ráðgjöf og endurgjöf.
  - Boðið verði upp á einstaklingsmiðaða ráðgjöf við gerð umsókna í samstarfi við fagaðila.
  - Umsækjendum sem er hafnað fá allir boð um að koma á fund hjá starfsmanni til að fá endurgjöf um niðurstöður og mat umsóknar.

Nauðsynlegt er að skýra betur í lánareglum og umsóknarferli að ekki sé hægt að taka lán til að standa straum af launakostnaði.

Stjórn Svanna-lánatryggingasjóðs kvenna leggur til eftirfarandi breytingar á samþykktum sjóðsins og lánareglum:

- Markmið verkefnis: Lagt er til að taka út klausuna um nýnæmi. Erfitt er að skilgreina nýnæmi og getur það hindrað vænleg verkefni í að fá afgreidda lánatryggingu. Frekar ætti að horfa til þess hversu lífvænlegt verkefnið er og tekjumöguleika þess. Hvað varðar jaðarhópa þá má ætti frekar að beina þeim umsækjendum í styrkjakerfið.
- Markmið verkefnis: Lagt er til að tekin verði út klausan um að ná til jaðarhópa án þess þó að þeir eigi minni möguleika en aðrir. Þetta hefur ekki verið gert með beinum hætti og er erfitt í framkvæmd. Frekar ætti að efla styrkjámöguleika af ýmsu tagi fyrir þennan hóp.

Reykjavík 01.03.2019

Fyrir hönd stjórnar Svanna-lánatryggingasjóðs kvenna

Ásdís Guðmundsdóttir

---

Verkefnastjóri

## Fylgiskjöl

1. Samþykktir Svanna-lánatryggingasjóðs
2. Samkomulag um Svanna-lánatryggingasjóð
3. Lánareglur Svanna-lánatryggingasjóðs
4. Samstarfssamingur við Landsbankann

# SAMÞYKKT

## um lánatryggingasjóð kvenna.

### 1. gr.

#### *Heiti sjóðsins*

Heiti sjóðsins er lánatryggingasjóður kvenna og er aðsetur hans hjá velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík.

### 2. gr.

#### *Hlutverk og áherslur*

Hlutverk lánatryggingasjóðs kvenna er að styðja konur til þátttöku í atvinnulífinu með því að veita ábyrgðir á lánum samkvæmt samþykktum og lánareglum sjóðsins ásamt því að tryggja að ráðgjöf og handleiðsla kvenna er fá lán verði tengd veitingu ábyrgða úr sjóðnum. Skilyrði fyrir ábyrgðarveitingum er að fyrirtæki eða verkefni sé a.m.k. 50% í eigu og undir stjórn konu eða kvenna og að verkefni leiði til atvinnusköpunar

Áherslur sjóðsins eru eftirfarandi:

- Að styðja við bakið á konum sem eiga og reka smærri fyrirtæki.
- Að stuðla að því að auka hlut kvenna sem eigendur og stjórnendur fyrirtækja.
- Að auka aðgengi kvenna að fjármagni til fyrirtækjareksturs.
- Að fjölga störfum og stuðla að nýnæmi í atvinnulífi.
- Að tryggja ráðgjöf og handleiðslu til kvenna sem fá ábyrgðir hjá sjóðnum vegna lántöku.
- Að hvetja jaðarhópa kvenna til þátttöku í atvinnulífinu, svo sem innflytjendur.

### 3. gr.

#### *Stofnendur og stofnfé*

Velferðarráðuneytið, atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og Reykjavíkurborg standa að stofnun lánatryggingasjóðs kvenna.

Stofnfé sjóðsins var samtals 10 milljónir króna miðað við verðlag neysluvísitölu á stofndegri þann 7. apríl 1997 samkvæmt eftirfarandi skiptingu: Velferðarráðuneyti (áður félagsmálaráðuneyti) fimm milljónir króna; iðnaðarráðuneyti (áður iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti) tvær milljónir króna og Reykjavíkurborg þrjár milljónir króna.

### 4. gr.

#### *Stjórn*

Stjórn lánatryggingasjóðs kvenna er í höndum þriggja manna stjórnar sem velferðarráðherra skipar til þriggja ára í senn. Velferðarráðherra skipar stjórnarformann og iðnaðarráðuneyti og Reykjavíkurborg tilnefna einn fulltrúa hvort.

### 5. gr.

#### *Hlutverk stjórnar*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Stjórn sjóðsins skal móta lánareglur sjóðsins og leggja undir samþykki stofnaðila. Stjórn sjóðsins skal útbúa matsblöð sem nota skal við mat á umsóknnum.

Stjórnin ákveður sérstakar áherslur til ábyrgðarveitinga árlega og áhersla verður lögð á aukna atvinnusköpun auk þess sem horft verður til nýnæmis/sérstöðu verkefnis. Ábyrgðarveitingum verður úthlutað allt að tvisvar sinnum á ári.

Stjórn sjóðsins gerir samkomulag við fjármálastofnanir um ábyrgðarveitingar. Í því skal meðal annars kveðið á um tegundir lána, lengd lána, vaxtakjör, lántökugjald og önnur gjöld, hlutdeildarskiptingu sjóðs

SD NM  
SJA

og banka varðandi ábyrgðir. Einnig skal kveðið á um fyrirkomulag við þá ráðgjöf og handleiðslu sem fylgir ábyrgðarveitingu sjóðsins.

Mat á umsóknum er á hendi stjórnar sjóðsins og lánastofnunar en stjórn sjóðsins fjallar að mati loknu um umsóknir og tekur endanlega ákvörðun um veitingu ábyrgða í samræmi við samþykktir og lánareglur sjóðsins.

**6. gr.**

***Umsýsla lánatryggingasjóðs kvenna***

Vinnumálastofnun hefur með höndum umsýslu verkefnisins sem og daglegan rekstur sjóðsins. Stofnunin kemur jafnframt fram fyrir hönd hans í öllum málum er varða venjulegan rekstur. Vinnumálastofnun ber að veita stjórnarmönnum allar upplýsingar um starfsemi sjóðsins sem þeir kunna að óska eftir.

Vinnumálastofnun heldur utan um heimasíðu verkefnisins þar sem fram koma upplýsingar um ábyrgðarveitingar og fyrirkomulag. Stofnunin skal vinna í nánú samstarfi við stofnaðila verkefnisins og þær stofnanir sem sinna ráðgjöf og handleiðslu við ábyrgðarþega. Vinnumálastofnun útbýr kynningarefni og stendur að markaðssetningu sjóðsins í samstarfi við fyrrgreinda aðila.

**7. gr.**

***Fjármunir***

Stjórn sjóðsins skal gera samkomulag við eina eða fleiri fjármálastofnanir um fyrirkomulag veitingar ábyrgðartryggingar þar sem kveðið er á um þóknun og annan umsýslukostnað.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að tryggja að varsla og ávöxtun fjármuna sjóðsins sé sem hagkvæmust og öruggust vegna þeirra ábyrgða sem samþykktar hafa verið.

**8. gr.**

***Ábyrgð***

Ábyrgð stofnaðila er bundin við stofnfé sjóðsins og viðbótarframlög eigenda. Óheimilt er að ákveða að heildarfjárhæð veittra ábyrgða sé hærri en staða sjóðsins er á hverjum tíma. Fjármunir sjóðsins við undirskrift samkomulags þessa eru 70.262.000 krónur. Framlög eins og þau eru í lok samningstímans skulu endurgreidd í hlutfalli við upphaflegt framlag stofnaðila.


**9. gr.**


***Gildistími og önnur ákvæði***

Samkomulag þetta gildir fyrir tímabilið 01.01.2015 til 31. desember 2018. Fyrir 1. júní 2018 skal tekin ákvörðun um framhald starfsemi lánatryggingasjóðs kvenna.

Samþykktir þessar eru staðfestar af stofnaðilum lánatryggingasjóðs kvenna. Stofnaðilum er heimilt að breyta eða fella úr gildi samþykktir þessar samkvæmt tillögu meirihluta stjórnar.

Reykjavík 09.06.2015

  
f.h. velferðarráðuneytis

  
f.h. iðnaðarráðuneytis

  
f.h. Reykjavíkurborgar



# SAMKOMULAG

## um starfsemi lánatryggingasjóðs kvenna.

Með vísan til stofnsamnings um lánatryggingasjóð kvenna frá 7. apríl 1997 gera velferðarráðuneytið, iðnaðarráðuneytið og Reykjavíkurborg með sér eftirfarandi samkomulag um starfsemi lánatryggingasjóðs kvenna.

### 1. gr.

#### *Hlutverk og áherslur*

Hlutverk lánatryggingasjóðs kvenna er að styðja konur til þátttöku í atvinnulífinu með því að veita ábyrgðir á lánum samkvæmt samþykktum og lánareglum sjóðsins ásamt því að tryggja að ráðgjöf og handleiðsla verði tengd veitingu ábyrgða úr sjóðnum.

Áherslur sjóðsins eru eftirfarandi:

- Að styðja við bakið á konum sem eiga og reka smærri fyrirtæki.
- Að stuðla að því að auka hlut kvenna sem eigendur og stjórnendur fyrirtækja.
- Að auka aðgengi kvenna að fjármagni til fyrirtækjareksturs.
- Að fjölga störfum og stuðla að nýnæmi í atvinnulífi.
- Að veita ráðgjöf og stuðning við konur sem fá lán og gefa þeim kost á handleiðslu og stuðningi.
- Að hvetja jaðarhópa kvenna til þátttöku í atvinnulífinu, svo sem innflytjendur.

### 2. gr.

#### *Stjórn*

Stjórn lánatryggingasjóðs kvenna er í höndum þriggja manna stjórnar sem velferðarráðherra skipar til þriggja ára í senn. Velferðarráðherra skipar stjórnarformann og atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og Reykjavíkurborg tilnefna einn fulltrúa hvort.

### 3. gr.

#### *Hlutverk stjórnar*

Verkefni stjórnar er að móta lánareglur lánatryggingasjóðs kvenna í samráði við stofnaðila sjóðsins.

### 4. gr.

#### *Fjármunir og ábyrgð*

Ábyrgð stofnaðila er bundin við stofnfé sjóðsins eins og það er á hverjum tíma. Fjármunir sjóðsins við undirskrift samkomulags þessa eru 67.397.491 krónur.


5. gr.


*Gildistími*


Samkomulag þetta gildir fyrir tímabilið 1. janúar 2015 til 31. desember 2018. Fyrir 1. júní 2018 skal tekin ákvörðun um framhald starfsemi lánatryggingasjóðs kvenna.

Reykjavík

09.06.2015

  
f.h. velferðarráðuneytis

  
f.h. iðnaðarráðuneytis

  
f.h. Reykjavíkurborgar

## Lánareglur Lánatryggingasjóðs kvenna

Reglur þessar eru settar í samræmi við samþykktir Lánatryggingasjóðs kvenna, dags. 8.mars 2011, og gilda um skilyrði til veitingu lánatryggingar úr sjóðnum, meðferð umsókna og framkvæmd ábyrgðar.

### I kafli

#### Skilyrði ábyrgðar á lánum

##### 1.1. Eignarhlutur.

Eingöngu fyrirtæki sem eru í meirihlutaeigu konu/kvenna og undir stjórn konu/kvenna geta fengið ábyrgðartryggingu. Eingöngu er ábyrgð veitt á starfandi fyrirtæki.

##### 1.2. Atvinnusköpun - sérstaða.

Gerð er krafa um að í verkefni fyrirtækis felist atvinnusköpun og sérstaða að einhverju marki.

##### 1.3. Ábyrgð.

Unnt verður að sækja um ábyrgð vegna eftirtalinna þátta:

- 
- Markaðskostnaðar
- Vöruþróunar
- Nýrra leiða í framleiðslu eða framsetningu vöru/þjónustu.

Ábyrgð skal ekki vera undir 500.000 króna og að jafnaði skal ábyrgð ekki fara yfir 5 milljónir króna. Stjórn er þó heimilt að afgreiða hærrí ábyrgðir í undantekningartilvikum með hliðsjón af eðli og tegund umsókna.

Lán til tækjakaupa eru undanskilin.

### II kafli

#### Meðferð og mat umsókna

##### 2.1. Í umsókn komi fram:

1. Upplýsingar um fyrirtækið og forsvarsmann þess.
2. Greinargóð lýsing á verkefni/fyrirtæki, markmiðum þess og ávinningi.
3. Hverjir koma að umsókninni, og tilgreining samstarfsaðila.
4. Viðskiptaáætlun (ítarleg fjárhags-, og framkvæmdaráætlun.)
5. Lýsing á heildarfjármögnun og staðfesting fjármögnunaraðila ef þeir eru til staðar.
6. Áætlun um tekjustreymi.

## 7. Afrit af leyfum vegna viðkomandi starfsemi.

### 2.2. Mat umsókna.

Umsóknir eru metnar út frá eftirfarandi þáttum:

1. Lýsingu á viðskiptahugmynd.
2. Atvinnusköpun kvenna.
3. Nýnæmi/sérstöðu hugmynda
4. Verðmætasköpun/arðsemi.
5. Samkeppni.
6. Viðskiptaáætlun (fjárhags-, og framkvæmdaráætlun.)
7. Fjármögnun.
8. Áhættumati og fjárhagsstöðu umsækjanda (upplýsinga aflað af lánastofnun).

### 2.3. Afgreiðsla umsókna.

Auglýst er eftir umsóknum allt að tvisvar sinnum á ári. Stjórn ákveður að öðru leyti hve oft er auglýst og nánari útfærslu á umsóknarfresti hverju sinni og auglýsir á heimasíðu Lánatryggingarsjóðs.

Umsækjandi fyllir út þar til gert umsóknareyðublað á heimasíðu sjóðsins. Stjórn fer yfir umsóknir og leggur mat á það hvort umsóknin falli undir verksvið sjóðsins og uppfylli reglur hans. Að því loknu eru hæfar umsóknir sendar til lánastofnunar er metur lánshæfi umsækjanda út frá áhættumati og fjárhagsstöðu. Stjórn setur sér reglur um hve hátt hlutfall af stofnfé sjóðsins er nýtt til trygginga við hverja úthlutun. Lánshæfar umsóknir fara því næst til stjórnar Lánatryggingarsjóðs sem tekur ákvörðun um veitingu ábyrgða í samræmi við samþykktir sjóðsins og lánareglur þessar.

## Kaflí III

### Framkvæmd ábyrgðar

#### 3.1. Lánatryggingarsjóður kvenna.

Fjármunir sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar eru settir í ábyrgðarsjóð er ber ábyrgð á lánum sem tekin eru hjá lánastofnunum. Stjórn sjóðsins gerir samkomulag við lánastofnanir um ábyrgðarveitingar sem kveður á um tegundir lána, lengd, vaxtarkjör, lántökugjöld og önnur gjöld. Einnig skal gera samning um hlutdeildarskiptingu sjóðs og banka varðandi ábyrgðir.

#### 3.2. Ráðgjöf og eftirfylgni.

BSJ  
100A  
JA

Er lántaki fær afgreitt lán og veitingu ábyrgðar fer af stað ferli handleiðslu og ráðgjafar þar sem lántaki skuldbindur sig til að fá ráðgjöf/handleiðslu um útfærslu hugmyndar sinnar. Þá handleiðslu/ráðgjöf velur lántaki í samráði við bankastofnun. Verði misbrestur á framkvæmd þessa ákvæðis getur stjórn í samráði við lánastofnun stöðvað frekari lánveitingar.

Lántaki skal skila ársskýrslu verkefnis/fyrirtækis fyrir lok apríl hvert ár sem ábyrgðin er í gildi.

Stjórn er heimilt að óska eftir upplýsingum um framvindu og stöðu verkefnis/fyrirtækis hvenær sem er á tímabilinu.

### 3.3. *Lengd ábyrgðar (gildistími).*

Lengd ábyrgðar fer eftir samkomulagi við lánastofnun og stjórn sjóðsins.

### 3.4. *Aðgerðir vegna vanskila.*

Sé um vanskil að ræða sem nema lengur en þrjú mánuðir skal lánastofnun gera stjórn sjóðsins viðvart og í framhaldinu gripið til venjubundinna úrræða viðkomandi lánastofnana.

## Kaflí IV

### Ýmis ákvæði

4.1. Lánareglum þessum verður aðeins breytt af stjórn sjóðsins liggi fyrir samþykki allra stjórnarmanna og stofnaðila sjóðsins.

Reykjavík 09.06.2015

Fyrir hönd velferðarráðuneytis

Hanna Þeifarsdóttir

Fyrir hönd iðngæðaráðuneytis

Sigpríður Arnarson

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar

Björgvinur Þorsteinsson

**Samstarfssamningur milli Svanna - Lánatryggingasjóðs kvenna og Landsbankans hf.**  
Svanni - Lánatryggingasjóður kvenna (hér eftir Svanni) og Landsbankinn hf. (hér eftir bankinn) gera með sér eftirfarandi samkomulag um samstarf.

**1.gr**  
**Gildissvið**

Svanni-Lánatryggingasjóður kvenna er sjóður í eigu velferðarráðuneytisins, iðnaðar-  
ráðuneytisins og Reykjavíkurborgar og er fjögurra ára samstarfsverkefni sem lýkur  
31.desember árið 2018. Hlutverk sjóðsins er að styðja konur til nýsköpunar og þátttöku í  
atvinnulífinu með því að veita ábyrgðir á lánum og tryggja handleiðslu og ráðgjöf til þeirra.  
Ráðstöfunarfé sjóðsins er þann 1.mars 2016 var 68.304.183 en ekki er fyrirhugað að setja  
meira fjármagn í sjóðinn að svo stöddu. Ábyrgð Svanna takmarkast við þessa fjárhæð og  
vexti af henni. Samningur þessi milli bankans og Svanna gildir frá 23.9.2015 til 23.9.2018.  
Ábyrgðir Svanna vegna lána sem þá hafa verið afgreidd skv. samningi þessum halda gildi  
sínu óháð lokum samnings þessa.

**2.gr.**  
**Tilgangur og markmið samstarfsins**

Tilgangur samstarfs Svanna og bankans er að veita konum í atvinnurekstri ábyrgðir á lán  
sem tekin eru hjá bankanum. Samkvæmt samþykktum sjóðsins eru hlutverk hans m.a. að  
styðja við bakið á konum sem eiga og reka smærri fyrirtæki, að auka aðgengi kvenna að  
fjármagni, að fjölga störfum og stuðla að nýnæmi í atvinnulífi og tryggja ráðgjöf og  
handleiðslu til kvenna sem fá ábyrgðir hjá sjóðnum.

Aðilar samþykkja að vinna sameiginlega að ofangreindum markmiðum sjóðsins.

**3.gr.**  
**Mat og afgreiðsla umsókna**

Stjórn Svanna tekur við umsóknum er berast og fer starfsmaður yfir þær og athugar hvort  
þær uppfylli lágmarksskilyrði sjóðsins.

Skilyrðin eru að verkefni/fyrirtækin séu í meirihlutaeigu konu/kvenna og undir stjórn  
konu/kvenna. Ennfremur er gerð er krafa um að í verkefninu felist sérstaða að einhverju  
marki og leiði til atvinnusköpunar kvenna.

Eftir frumathugun hjá starfsmanni sendir hann lista til bankans sem forkannar fjárhagsstöðu  
viðkomandi. Þær umsóknir sem eftir standa eru síðan sendar til stjórnar sjóðsins er leggur  
mat á lýsingu á viðskiptahugmynd, nýnæmi, atvinnusköpun/verðmætasköpun og samkeppni.  
Þeir umsækjendur sem koma til greina eru teknir í viðtöl þar sem fulltrúar stjórnar  
Lánatryggingasjóðs og bankans eru viðstaddir.

Eftir það eru umsóknir sendar til bankans sem metur fjárhagsstöðu, fjármögnun, tekju- og  
kostnaðaráætlun, áhættu og viðskiptaáætlun viðkomandi. Mat stjórnar Svanna skal fylgja  
bankanum til upplýsingar.

Ef bankinn samþykkir að veita umsækjanda lán gegn ábyrgð Svanna eru umsóknir sendar  
aftur til stjórnar Svanna sem samþykkir ábyrgðina formlega.

Ábyrgð verður ekki veitt nema báðir aðilar samþykki lánveitinguna. Allir umsækjendur fá bréf  
um niðurstöðu umsókna sinna.

**4.gr.**  
**Lán**

**Tegundir lána**

Unnt er að sækja um lán vegna markaðskostnaðar, vöruþróunar eða nýrra leiða í framleiðslu  
eða framsetningu vöru/þjónustu. Lán til tækjakaupa eru undanskilin.

Boðið verði upp á val á milli óverðtryggða og verðtryggða skuldabréfalána. Lánstími þarf að  
vera 5 ár fyrir verðtryggð lán.

### **Lengd lána**

Að jafnaði skal miðað skal við að lánstími sé ekki lengri 5 ár.

### **Upphæð lána**

Lán skulu ekki vera lægri en 1 milljónir króna og ekki hærri en 10 milljónir króna.

Undantekningar frá þessu ákvæði skulu samþykkjast bæði af stjórn Svanna og af bankanum.

### **Vaxtakjör**

Vaxtakjör eru að hámarki í samræmi við Kjörvaxtaflokk 2 hjá Landsbankanum hf., eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.

### **Lántökugjöld og önnur gjöld**

Lántökugjald verði 0,3% per lánsár en þó aldrei hærra en 1,50%. Lántökugjald er innheimt við lánsveitingu.

### **Fyrirkomulag innheimtu**

Innheimta lána fer fram í gegnum almennan innheimtuferil Landsbankans. Efni lántaki ekki skuldbindingar sínar með þeim afleiðingum að lán fer í vanskil skal um innheimtuna fara samkvæmt þeim innheimtuferli sem Landsbankinn hefur um innheimtu á vanskilum á hverjum tíma og til þess löginnheimtuaðila sem Landsbankinn vísar til á hverjum tíma.

Miðað skal við að lögfræðileg innheimta hefjist almennt við þriggja mánaða vanskil að undangengnu milliinnheimtuferli Landsbankans. Svanna skal tilkynnt um þriggja mánaða vanskil og upphaf löginnheimtu. Tilkynningarnar eru í formi innheimtubrifa sem berast sjóðnum sem ábyrgðaraðila á veittu láni.

### **Ábyrgð**

Svanni ábyrgist allar lánveitingar bankans sem samningur þessi tekur til. Ábyrgð Svanna er einföld og að hámarki 50% af eftirstöðvum hvers láns.

Ábyrgð Svanna verður virk ef innheimta láns hjá lántaka reynist árangurslaus, t.d. vegna þess að árangurslaust fjárnám hefur verið gert hjá lántaka, lántaki er gjaldprotta eða sýnt þykir með öðrum óbyggjandi hætti að lántaki muni ekki efna skuldbindingar sínar. Við þessar aðstæður skuldbindur Svanni sig til þess að greiða bankanum 50% af eftirstöðvum lánsins, þ.e. eftirstöðvar af höfuðstól, samningsvöxtum reiknuðum til greiðsludags og útlögðum innheimtukostnaði. Svanni ber ekki ábyrgð á öðrum innheimtukostnaði eða mismun á samningsvöxtum og dráttarvöxtum frá gjaldfellingu láns til greiðsludags.

Um leið og það liggur fyrir að innheimta reynist árangurslaus skal bankinn senda tilkynningu til Svanna með útreiknuðum eftirstöðvum og upplýsingum um innheimtuferli og niðurstöðu innheimtu. Ábyrgð skal greidd í síðasta lagi 14 dögum eftir dagsetningu tilkynningar og skulu athugasemdir við útreikninga bankans eða greiðslu ábyrgðar berast fyrir þann tíma. Sé ekki búið að greiða ábyrgð út að 14 dögum liðnum er Landsbankanum heimilt að reikna dráttarvexti á hlut Svanna til greiðsludags.

### **Breyting á stöðu lántaka**

Ef breyting verður á eignarhaldi eða stöðu lántaka til dæmis ef viðkomandi selur fyrirtæki eða hættir starfsemi, brýtur samkomulag við bankann eða sýnir vítavert gáleysi í meðförum fjármagns sem lánað var, skal gjaldfella lánið og innheimta það hið fyrsta.

### **Framsal**

Bankanum er óheimilt að framselja lán sem veitt eru samkvæmt samningi þessum án samþykkis Svanna. Að sama skapi er óheimilt að skuldskeyta lánnum án samþykkis Svanna.



## Skuldbreyting lána

Landsbankinn annast minni háttar skuldbreytingar lána með fyrirfram samþykki sjóðsins. Þá er átt við:

- Tilfærslu gjalddaga innan mánaðar
- Vanskil (ekki eldri en þriggja mánaða) lögð við höfuðstól, eða gjalddagar færðir aftur fyrir lánstíma
- Lenging á lánstíma þó aldrei lengra en 5 ár frá lántökudegi.

Sé hins vegar um meiriháttar skuldbreytingar að ræða, svo sem meira en þriggja mánaða vanskil, skal afla samþykki stjórnar Svanna sérstaklega. Bankinn hafi einungis heimild til að skuldbreyta hverju láni tvisvar í samræmi við ofangreint, komi til þriðju skuldbreytingar skal fá samþykki Svanna.

Upplýsa skal stjórn Svanna um skuldbreytingar við lántaka með reglubundnum hætti.

### 5.gr.

#### Upplýsingagjöf

Bankinn skal senda sjóðnum yfirlit á 6 mánaða fresti þar sem fram kemur m.a. staða lána, upplýsingar um skilmálabreytingar, yfirlit yfir stöðu mála í löginheimtu.

### 6.gr.

#### Markaðs- og kynningarmál

1. Landsbankinn og Svanni auglýsa sameiginlega eftir umsóknum úr sjóðnum allt að tvisvar sinnum á ári. Samráð skal vera á milli aðila um gerð markaðsefnis og kynningaráætla.
2. Vörumerki Landsbankans skal vera sýnilegt á öllu markaðsefni sjóðsins. Með markaðsefni er átt við heimasíðu, bæklinga, dreifimiða og annað kynningarefni.
3. Allur texti er fjallar um samstarf Landsbankans og Svanna er háður samþykki beggja aðila.
4. Landsbankinn greiðir 50% af birtingakostnaði tengdum úthlutunum úr sjóðnum. Greitt er eftir reikningum.
5. Landsbankinn greiðir 20% af framleiðslukostnaði bæklinga sem Svanni mun gera. Greitt er eftir reikningi.
6. Landsbankinn mun auglýsa samstarfið og úthlutun úr sjóðnum í þeim föstu birtingamiðlum sem bankinn hefur hverju sinni. Undir birtingamiðla geta fallið vefborðar, hraðbankaskyggjur, plaköt í útibúum o.fl. Landsbankinn mun ávallt auglýsa úthlutanir á heimasíðu sinni. Merki Svanna skal vera sýnilegt á öllu markaðsefni bankans þar sem það á við.
7. Samanlagður kostnaður Landsbankans vegna 4., 5. og 6. greinar skal ekki fara yfir 1.000.000 kr. á ári.
8. Samstarfsaðilar geta staðið saman að málþingum, ráðstefnum eða öðru sem miðar að nýsköpun í íslensku atvinnulífi og samrýmist markmiðum sjóðsins.

### 7.gr.

#### Ráðgjöf og eftirfylgni

Það er skilyrði fyrir lánveitingu bankans og ábyrgðar Svanna að lántaki hafi fengið ráðgjöf og handleiðslu sérfræði aðila við alla áætlanagerð og gagnavinnslu geti lántaki ekki sýnt fram á að hann sé hæfur til þess sjálfur. Sé lántaki ekki hæfur til að sinna þessari vinnu sjálfur ber honum að sýna fram á að hann geti staðið skil á áætlunum og gagnavinnslu með samkomulagi við atvinnuþróunarfélag, Nýsköpunarmiðstöð eða aðra sérfræðiráðgjafa sem metnir eru hæfir af Svanna og bankanum.



Starfsmaður Svanna sinnir eftirlitshlutverki um tilhögun ráðgjafar og handleiðslu. Honum er heimilt að kalla eftir nánari upplýsingum og skýrslum um verkefnin ef með þarf.

**8.gr.  
Samráðsfundir**

Halda skal samráðsfund einu sinni á ári þar sem árangur verkefnisins er metinn.

**9. gr.  
Trúnaður**

Allar umsóknir skulu meðhöndlaðar af báðum aðilum sem trúnaðarmál, við synjun á lánveitingu má hvorugur aðila upplýsa umsækjanda um það hvor þeirra hafnaði umsókn hans.

Öll atriði samnings þessa eru trúnaðarmál milli aðila. Skal hvorugur aðili láta í té upplýsingar er varða samning þennan eða samstarf aðila nema skylt sé lögum samkvæmt eða að fengnu skriflegu samþykki hins aðilans.

Þagnar- og trúnaðarskylda samningsaðila og eigenda sjóðsins er ótímabundin og helst eftir að samningssambandi lýkur.

**10. gr.  
Uppsögn**


Samningur þessi er uppsegjanlegur af hvorum aðila fyrir sig með þriggja mánaða fyrirvara. Þrátt fyrir uppsögn á samningi þessum halda allar ábyrgðir Svanna vegna lána sem þá hafa verið afgreidd skv. samningi þessum gildi sínu óháð uppsögn samningsins.


**11. gr.  
Ýmis ákvæði**

Rísi ágreiningur um framkvæmd samnings þessa skulu aðilar leitast við að leysa ágreininginn með samkomulagi sin á milli. Náist ekki samkomulag skal ágreiningur lagður fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.


Til staðfestingar á ofanrituðu þá er samningur þessi undirritaður í tvíriti og skal hvor aðili halda sínu eintaki.


Reykjavík 14. maí 2016

  
F.h. Landsbankans

  
F.h. Svanna  
Lánatryggingasjóðs Kvenna

Vottar að rétttri dagsetningu,  
Undirritun og fjárræði aðila:

  
020377-5210

  
Kt. 1910263-4879



## Umsögn

**Efni:** Tillaga um framlengingu á starfstíma Svanna-lánatryggingasjóði kvenna.  
**Viðtakandi:** Borgarráð  
**Sendandi:** Fjármálastjóri

Reykjavíkurborg hefur borist erindi frá stjórn Svanna-lánatryggingasjóðs kvenna um að samkomulag eignaraðila um starfstíma sjóðsins verði framlengt um fjögur ár. Auk þess eru lagðar fram tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins og lánareglum.

Hlutverk Svanna-lánatryggingasjóðs kvenna er að styðja við konur til nýsköpunar og þátttöku í atvinnulífinu með því að veita ábyrgðir á lánum ásamt því að tryggja ráðgjöf og handleiðslu til þeirra. Þann 8. mars 2011 var undirritað samkomulag um endurreisn Lánatryggingasjóðs kvenna, en hann var áður starfræktur á árunum 1995-2003. Sjóðurinn er í eigu velferðarráðuneytis, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis (áður iðnaðarráðuneytis) og Reykjavíkurborgar og var verkefnið eftir síðustu framlengingu til 31. desember 2018.

Tillaga stjórnar um framlengingu á starfstíma sjóðsins felur í sér að sjóðurinn verði starfræktur áfram sem ábyrgðasjóður. Stjórn sjóðsins telur að sjóðurinn geti starfað áfram næstu fjögur ár, eða til loka árs 2022 án þess að viðbótarframlag komi til frá eigendum. Fyrirliggjandi tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum og lánareglum eru til bóta.

Fjármálaskrifstofa telur að þessi sjóður eigi enn rétt á sér og mælir með að tillaga stjórnar Svanna verði samþykkt án skuldbindinga um frekara fjármagn eða stuðning.

*Birgir Björn Sigurjónsson*  
fjármálastjóri